

Ágæti nemandi.

Kennarar hafa nú skráð inn miðannarmat í INNU. Til að sjá matið þarft þú að fara í flipann *Námið* og velja *Einkunnir* og þar fyrir neðan birtist miðannarmatið. Skoðaðu þetta vel og ef þú hefur einhverjar athugasemdir skaltu endilega vera í sambandi við viðkomandi kennara.



Stuðst er við eftirfarandi matsskala í miðannarmatinu:

A	Ágætt. Nemanda gengur ákaflega vel.
B	Í lagi. Nemandi hefur tök á efninu en má ekki slá slöku við.
C	Ábótavant. Nemandi þarf að taka sig á til að ná áfanganum.
X	Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.

Ef nemandi fær X getur það t.d. þýtt að hann hafi mætt mjög illa eða ekki skilað inn verkefnum. Miðannarmatið hefur engin áhrif á lokaeinkunn úr áföngunum. Því er aðeins ætlað að gefa nemendum og forráðamönnum innsýn inn í hvernig gengur núna svo að hægt sé að taka sig á eða halda áfram á sömu góðu brautinni.

Það er hægt að bóka tíma hjá námsráðgjöfum á heimasíðu MK undir flipanum *Þjónusta* og eins eru verkefnatímar í stundatöflu tvisvar í viku þar sem kennarar eru til aðstoðar.

Bestu kveðjur,
Erla Hlín Helgadóttir
Áfangastjóri